

L Ö G**um breyting á útlagslögum, nr. 19/1971.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútlagsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:

Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.